

Föstudaginn 15. janúar 1971.

Nr. 200/1970. **Guðmann Pálsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Yfirborgarfégetanum í Reykjavík vegna

Þrotabús Fiskmiðstöðvarinnar h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m., en útvistardómur gekk í því máli hinn 2. marz 1970. Héraðsdómur var kveðinn upp 3. marz 1969. Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 400.752.00 með 7% ársvöxtum frá 3. maí 1966 til greiðsludags og svo málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki eru fram komin í Hæstarétti gögn, sem hnekki álitu hinna dómkvöddu sérkunnáttumanna og hinna sérfróðu dómenda í héraði. Ber að staðfesta héraðsdóminn með skirskotun til forsendna hans, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Héraðsdómur í máli þessu var kveðinn upp 3. marz 1969. Áfrýjandi áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. desember 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. desember 1970. Þingsókn fyrir Hæstarétti féll niður af hendi aðilja 2. marz 1970, og var kveðinn upp útivistardómur í málinu sama dag. Áfrýjandi skaut málinu af nýju til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytisins 2. s. m. Voru þá 20 mánuðir liðnir frá uppsögu héraðsdómsins.

Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands eru það lagaskilyrði slíks leyfis, sem hér er um fjallað, að ríkar ástæður séu til áfrýjunar, „enda hafi aðilja eigi verið unnt að áfrýja fyrr og honum verði eigi sjálfum um það kennt“. Dómendur eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, en í því felst, að dómendum ber úrskurðarvald um það, hvort yfirvöld hafi gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu. Svo sem að framan er rakið, áfrýjaði áfrýjandi máli þessu í upphafi, að fengnu áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytisins, samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Eftir að málið var þingfest fyrir Hæstarétti, féll þingsókn niður af hans hendi, og útivistardómur gekk í því. Dómsmálaráðuneytið veitti áfrýjanda samt 8 mánuðum síðar nýtt áfrýjunarleyfi, byggt á heimild 4. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962. Þegar litið er til sögu máls þessa, sem að framan hefur verið rakin, verður að telja, að lagaskilyrði hafi skort til veitingar áfrýjunarleyfis hinn 2. nóvember 1970. Verður því eigi á áfrýjunarleyfi þessu byggt í málinu. Brestur því heimild til að áfrýja máli þessu samkvæmt 20. gr. laga nr. 57/1962, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 57/1962 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. marz 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 6. febrúar 1969, hefur Guðmann Pálsson sjómaður, Höfðaborg 19, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 24. apríl 1967, á hendur Fiskmiðstöðinni h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 700.000.00 auk 1% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði af stefnufjárhæðinni frá 3. maí 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Þá er krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í m/b Reyni, BA 66, til tryggingar greiðslu hinna tildæmdu krafna í málinu, og í því skyni hefur eiganda skipsins, Hafbjörgu h/f, Reykjavík, verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Enn fremur hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu almennum tryggingum h/f, Reykjavík, en stefnda Fiskmiðstöðin h/f hafði þar ábyrgðartryggingu vegna slyss þess, sem hér um ræðir. Á hendur réttargæzlustefnda hafa engar kröfur verið gerðar.

Stefndi krefst algerrar sýknu í málinu og að henni verði dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Við munnlegan málflutning breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist aðallega, að stefndi Fiskmiðstöðin h/f verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 400.752.00 auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 3. maí 1966 til greiðsludags og að málskostnaður verði tildæmdur stefnanda sem gjafsóknarhafa, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, eftir mati dómsins.

Til vara var krafizt annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins og vaxta og málskostnaðar sem greinir í aðalkröfu.

Stefndi gerði sömu kröfur og áður.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu og greinargerð:

Þann 3. maí 1966, um kl. 1424, er verið var að draga þorskanet norðvestur $\frac{3}{4}$ norður af Akranesi í 25 sjómílna fjarlægð, vildi það slys til, að stefnandi, sem var háseti á m/b Reyni, BA 66, lenti með vinstri hönd milli netjateins og spils með þeim afleiðingum, að vinstri upphandleggur hans brotnaði og bæði framhandleggsbein.

Gert var að meiðslum hins slasaða manns til bráðabirgða um borð í skipinu og komið með hann til Reykjavíkur kl. 0050 5.

maí, og beið þá sjúkrabíll á bryggjunni, er flutti manninn þegar í stað á slysavarðstofuna í Reykjavík.

Þann 6. september 1966 fóru fram sjópróf út af slysinu, og kom þar eftirfarandi fram:

Skipstjórinn skýrði svo frá, að þeir hefðu verið að draga þorskanet kl. 1425 þann 3. maí 1966 NV af Akranesi í 25 sjómílna fjarlægð. Vildi þá það slys til, að stefnandi, Guðmann Pálsson háseti, festist með vinstri hönd milli teins og spils og dróst með teininum inn á spilskífuna með þeim afleiðingum, að hann handleggsbrotnaði.

Skipstjórinn var sjálfur á stjórnþalli, er slysið vildi til. Ekki skynjaði hann það augnablik, er stefnandi festist í spilinu, því að athygli hans hafði beint að bauju, er var á bakborða við skipið, en er hann leit fram á dekkið, sá hann, að stefnandi hafði fest vinstri höndina milli teins og spils og var í þann veginn að snúast með spilinu. Kúplaði hann þá samstundis spilinu frá, en þannig háttaði til, að kúplingin var staðsett á gólfi stýrishússins. Spilið stöðvaðist þá á sama augnabliki og slaknaði á netinu.

Skipstjórinn kveðst hafa sjálfur ásamt stýrimanni gert að meiðslum mannsins og hafi þeir ekki getað séð, að hann væri handleggsbrotninn. Þeir hafi álitnið, að hann hefði farið úr axlarliðnum, vegna þess að öxlin virtist slöpp. Skipstjórinn kvaðst telja, að slysið hefði vart getað orsakast á annan hátt en þann, að stefnandi hefði fest höndina í netinu og þannig dregizt inn á spilið. Hann kveðst ekki hafa getað merkt, að stefnandi færi neitt ógætilega að störfum við spilið. Spilið hafi verið í fullkomnu lagi og netin legið eðlilega inn á það. Stefnandi hafi verið búinn að vera röska tvo mánuði á bátnum við þorskanetjaveiðar og sé auk þess vanur sjómaður. Níu menn hafi verið á bátnum í þessari veiðiferð. Skipstjórinn upplýsti enn fremur, að einn maður hefði alltaf unnið starf það, sem stefnandi var við. Skipstjórinn gat þess, að sá maður, sem dregur af spilinu, hafi haft aðstöðu til að stöðva spilið með ventli, sem sé staðsettur við það.

Sveinn Kristvinsson, vélstjóri á m/b Reyni, kom einnig sama dag fyrir dóm. Hann kvaðst hafa verið sjónarvottur að slysinu og lýsir því þannig, að stefnandi hafi verið að draga netið af spilinu, og veitti hann því þá athygli, að stefnandi hafði fest höndina milli teins og spils. Ekki skynjaði hann þó það augnablik, er stefnandi festi höndina, og gat því ekki borið um, hvernig það hafði atvikast. Hann segir, að sér hafi ekki virzt stefnandi

fara neitt ógætilega að við verk það, er hann var að vinna, enda sé hann vanur sjómaður og spilið hafi verið í fullkomnu lagi.

Þá segir hann, að sig minni, að yfirleitt hafi alltaf verið maður við rúlluna, en þó hafi brugðið út af því stundum vegna mannfæðar. Hann tók fram, að ef mikill fiskur væri í netinu, væri óhægt fyrir einn mann að draga af spilinu, ef enginn er við rúlluna og greiði fyrir netinu inn á spilið.

Stefnandi skýrði svo frá atvikum fyrir dómi. Hann kveðst hafa verið lögskráður háseti á b/v Reyni í febrúar 1966. Þann 3. maí kveðst hann hafa verið að draga þorskanet af spilinu um kl. 1430 og hafi þá slysið viljað til á þann hátt, að hann hafi farið með vinstri höndina inn á milli teinanna og hafi höndin festst og snúizt með skifunni ca. hálfan hring, en þá stöðvaði skipstjórinn spilið. Stefnandi segir, að hann hafi verið að færa kúluteininn yfir steinateininn. Með hægri hendi kveðst hann hafa haldið í netið, en fært kúluteininn yfir með vinstri hendinni. Þá muni annað hvort vettlingurinn eða stakkurinn hafa gripið inn á milli teinanna og höndin síðan fylgt með. Þegar spilið stöðvaðist, hafi teinninn legið yfir lófann og höndin ekki losnað, fyrr en búíð var að greiða hana frá. Hann kveðst hafa haft miklar þrautir þegar í stað, er lögðu upp í öxl, og segist hafa fundið strax, að framhandleggurinn hafði brotnað. Hann segir, að skipstjórinn hafi haldið, að hann hefði farið úr axlarliðnum og ætlað að fara að kippa í liðinn, en þá hafi hann skýrt honum frá, að handleggurinn væri brotinn. Bæði skipstjórinn og stýrimaðurinn gerðu sameiginlega að meiðslum hans og settu spelkur við handlegginn og hjálpuðu honum í hvílu. Þegar slysið vildi til, segir hann, að eftir hafi verið að draga tvö net af síðustu trossunni. Skipstjórinn hafi látið draga netin og haldið svo norður undir Jökul, þar sem netjunum hafi verið lagt aftur.

Stefnandi segist hafa beðið skipstjóran að fara strax með sig inn, en hann hafi viljað leggja netin fyrst og svo hafi ekki verið meira um það talað. Ekki segist stefnandi hafa fengið önnur kvalastillandi meðul en eina til tvær aspiríntöflur og vatn með. Honum var ekki kunnugt um, hvaða meðalabirgðir voru í bátnum. Stefnandi skýrði svo frá, að enginn maður hefði verið við rúlluna í þetta sinn og muni það, að hans álit, hafa stafað af því, að of fáir menn hafi verið á bátnum. Stefnandi skýrði svo frá, að það væri verk stýrimannsins að vera á rúllunni, en sá, sem dregur af spilinu, eigi ekki annað að gera. Hann sagðist álíta, að spilið hefði verið í lagi, en gat þess, að á hjólinu, sem

kúplað er með af og frá spílinu, hafi átt að vera standur, sem gripið var í, ef kúplingin væri notuð, en hann hafi ekki verið til staðar.

Stefnandi og skipstjóri bátsins, Bragi Kristjánsson, voru samþrifaðir fyrir dómi. Þeim bar ekki saman um, hve margir hefðu verið á skipinu í umrætt skipti. Stefnandi sagði, að þeir hefðu verið átta, en skipstjórinn taldi þá hafa verið níu, en samkvæmt skipshafnarskrá, sem lögð hefur verið fram í málinu, hafa aðeins sjö menn verið skrásettir á bátinn.

Í sambandi við það, hvernig stefnandi stóð að verkinu, taldi skipstjórinn, að eðlilegra hefði verið að færa kúluteininn með hægri hendinni. Þá sagði skipstjórinn það rétt vera, að enginn maður hefði verið við rúlluna í þetta sinn. Hann skýrði það þannig, að algengt væri, að þegar ekki sé mikill fiskur í netjunum, fari sá, sem þar ætti að vera, að borðinu til að greiða fyrir netinu, en það hafi á engan veg stafað af því, að ekki væri nógur mannaflí á bátnum. Skipstjórinn tók það fram, að hann minntist þess ekki, að stefnandi talaði um, að handleggurinn væri brotinn, en stefnandi hélt fast við, að hann hefði skýrt skipstjóranum frá því. Skipstjórinn kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi hefði óskað eftir, að farið yrði í land þegar í stað, en stefnandi hélt fast við það, sem hann hafði áður sagt.

Mótorbáturinn Reynir, BA 66, var að stærð 53.36 brúttórúmllestir. Báturinn var brenndur sökum þurrafúa í maí 1967. Ekki liggja fyrir í málinu neinar ljósmyndir eða uppdráttir, sem sýni aðstöðu þess manns, er vann við spilið.

Að tilhlutan dómsins voru dómkvaddir tveir menn til þess að láta í ljós álit sitt og skila álitsgerð um, hvort stefnandi hafi staðið rétt að netjadrættinum og hvort forsvaranlegt hafi verið að hafa ekki nema einn mann við netjadráttinn og svo önnur atriði, sem máli skipta. Álitsgerð þeirra hefur verið lögð fram sem dómsskjal nr. 12 í málinu. Með tilliti til þess, sem fram hefur komið í málinu, telja þeir, að ekki verði hægt að líta svo á, að stefnandi hafi staðið óeðlilega að verkinu eða farið ógætilega að við netjadráttinn. Spurningunni um það, hvort forsvaranlegt hafi verið að hafa einn mann við netjadráttinn, svara þeir þannig:

„Í dagbókarútdrætti m.b. Reynis, BA 66, hinn 3. maí 1966 er veðri lýst þannig: „Það var SV gola og lítill sjór“. Í góðu veðri, eins og það virtist hafa verið þennan dag, mun það algengt, að einn maður sé við netadráttinn, sérstaklega ef um tregfiski eða

smáan fisk er að ræða. Virðist því ekki óeðlilegt, eins og á stóð, að einn maður annaðist það að þessu sinni“.

Spurningunni um það, hvort nokkuð hafi verið athugavert við búnað bátsins eða tæki hans, svara þeir þannig: „Búnaður bátsins og tæki, sem sérstaklega snerta þetta mál, er spilið og útbúnaður þess. Í framburði sínum segir stefnandi: „Mættur segist álíta, að spilið hafi verið í lagi, en getur þess, að á hjólinu, sem kúplað er af með og frá spilinu, hafi átt að vera standur, sem gripið er í, ef kúplingin var notuð, en hann hafi ekki verið til staðar“.

Undirritaðir líta svo á, að þótt umræddur standur hafi ekki verið fyrir hendi, þá hafi það ekki rýrt öryggi þess, sem vann við netadráttinn, þar sem við álitum, að eins handhægt hafi verið að taka um sjálft hjólið, þegar kúplingin var notuð. Þá ber einnig að benda á það, að í umrætt skipti kúplaði skipstjórinn frá spilinu uppi í stýrishúsi, og virðist sá útbúnaður hafa verið í lagi“.

Spurningin um það, hvort um hafi verið að ræða mistök skipstjórnarmanna í sambandi við slysið, svara þeir þannig:

„Eins og fram kemur í málsskjölum, átti slysið sér stað kl. 14.25 hinn 3. maí, en komið var til Reykjavíkur með hinn slasaða kl. 00.50 hinn 4. maí. Voru þá liðnar 10 klukkustundir og 25 mínútur, frá því að slysið varð. Hlýtur það að teljast óeðlilega langur tími, sem leið, þar til hinn slasaði komst undir læknishendur, þegar á það er litið, að báturinn var staddur aðeins 25 sjómílu frá Akranesi, þegar slysið varð. Ekki hefðu þurft að líða nema ca. þrjár klst., þar til unnt hefði verið að ná til læknis. Ekki kemur fram í málsskjölum, að skipstjórinn hafi gert neina tilraun til þess að ná sambandi við lækni í gegnum talstöð bátsins og leita ráða um meðferð hins slasaða, en það hefði verið bæði auðvelt og sjálfsögð viðbrögð að gera svo. . . . Það verður því að líta svo á, að skipstjórinn hafi átt að sýna meiri aðgæzlu og leita frekari úrræða til þess að tryggja velferð hins lasaða og leita ráða hjá lækni“.

Álitsgerð þessa framkvæmdu Einar Thoroddsen yfirhafnsögu- maður og Guðmundur Pétursson vélstjóri. Báðir eru þessir menn þrautreyndir sjómenn og auk þess vanir sjódomsmenn.

Hafa nú verið rakin í meginatriðum tildrög slyssins, eins og þau liggja fyrir í skjölum málsins. Þar sem báturinn er eyðilagður, gafst dóminum ekki kostur á að skoða allar aðstæður.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar á eftirfarandi hátt:

1. Að óforsvaranleg vinnutilhögun hafi verið að hafa aðeins einn mann við netjadráttinn. Vegna þeirrar augljósu hættu, sem dráttarmaðurinn sé í við starf sitt við spilið, sé þeim mun brýnni ástæða að gera kröfu til þess, að ávallt sé til staðar maður við netjarúlluna.

2. Það hafi verið vanræksla og yfirsjón hjá skipstjóra að hafa ekki, eins og á stóð, nánar gætur á dráttarmanninum við spilið svo og að hafa allt of fáa menn um borð í bátnum.

3. Standur á hjóli, sem kúplað er með af og frá spilinu, hafi ekki verið til staðar og megi telja það skort á tilhlýðilegum öryggisbúnaði við það starf, sem hér um ræðir.

4. Byggir hann bótaskyldu stefnda á reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á hættulegum atvinnurekstri, en hin tíðu slys, sem orðið hafa í sambandi við netjaspil, sanni, að mikil hætta sé samfara starfi dráttarmannsins.

5. Þá sé um yfirsjón skipstjóra að ræða að fara ekki strax í land með hinn slasaða mann og sé það sjálfstæður bótagrundvöllur varðandi þjáningabætur til stefnanda.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að slysið hafi orsakast fyrir handvömm stefnanda sjálfs og að skipið og búnaður þess hafi verið í fullkomnu lagi.

Engar ástæður séu til staðar, sem útgerðarmaður eða eigandi skips beri skaðabótaábyrgð á. Sérstaklega mótmælir hann þeirri staðhæfingu stefnanda, að orsakir slyssins megi rekja til mannfæðar á skipinu. Í því sambandi bendir hann á, að það sé aðeins, þegar mikill fiskur sé í netinu, að maður sé hafður við rúlluna, en í þetta sinn hafi það verið algerlega óþarft. Stefndi bendir á, að ef stefnandi hefði farið rétt að við spilið, hefði ekkert slys orðið, en orsök þess megi rekja til þess, að stefnandi færði kúlteininn með vinstri hendi. Honum hefði sem vön um sjómanni átt að vera ljóst, að slíkt var hættulegt. Þá heldur stefndi því fram, að ekkert hafi komið fram í málinu, sem styðji þá skoðun, að flýtt hefði fyrir bata stefnanda, þótt hann hefði komið fyrir undir læknishendur. Auk þess hafi það verið með fullu samþykki stefnanda, að nokkur dráttur varð á því, að haldið yrði strax til lands. Af þessu leiði, að þar sem fyrir liggur, að hvorki var um að ræða vanbúnað skips né mistök skipstjórnarmanna, verði útgerðarmaður ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni stefnanda, og hljóti það því að leiða til algerrar sýknu.

Skulu þá málsástæður stefnanda teknar til meðferðar í þeirri röð, sem hann hefur sett þær fram við munnlegan málflytning.

Verður þá fyrst vikið að þeirri málsástæðu, að óforsvaranlegt hafi verið að hafa aðeins einn mann við netjadráttinn, eins og á stóð.

Um þetta atriði segja hinir dómkvöddu menn í álitserð sinni: „Í góðu veðri, eins og virðist hafa verið umræddan dag, mun það algengt, að einn maður sé við netadráttinn, sérstaklega ef um tregfisk eða smáan fisk er að ræða. Virðist því ekki óeðlilegt, eins og á stóð, að einn maður hafi annazt það að þessu sinni“.

Á þessa skoðun geta hinir sérfróðu dómendur fallizt, enda hefur ekkert komið fram í skjölum málsins, sem bendir til þess, að slysi hefði verið forðað (sic), þótt maður hefði verið við rúlluna, enda með öllu óvíst, að sá maður hefði tekið eftir, að færa þurfti kúluteininn yfir steinateininn, og framkvæmt það í stað stefnanda.

Um þá málsástæðu stefnanda, að skipstjórinn hafi vanrækt að líta nægilega vel eftir stefnanda, meðan hann dró netin af spilinu, hafa hinir dómkvöddu menn ekki tekið sérstaka afstöðu.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda verður, eins og á stóð, ekki hægt að sakfella skipstjóra fyrir það, að hann hafði ekki sjónir á stefnanda það augnablik, er hönd hans festist í spilinu. En með tilliti til þess, að upplýst er, að höndin snerist aðeins hálfhring á spilskífunni, áður en skipstjórinn stöðvaði það, verður að telja, að vart sé hægt að sýna sneggrí viðbrögð, þegar þess er gætt, að hér er aðeins að ræða um sekúndu eða jafnvel brot úr sekúndu.

Um þá staðhæfingu stefnanda, að spilið hafi skort tilhlýðilegan öryggisútbúnað, þar sem vantaði stand á hjólið, sem kúplað er með af og frá spilinu, þá hafa hinir dómkvöddu menn tekið fram eftirfarandi: „Undirritaðir líta svo á, að þótt umræddur standur hafi ekki verið fyrir hendi, þá hafi það ekki rýrt öryggi þess, sem vann við netadráttinn, þar sem við álitum, að eins handhægt hafi verið að taka um sjálft hjólið, þegar kúplingin var notuð. Þá ber einnig að benda á það, að í umrætt skipti kúplaði skipstjórinn frá spilinu uppi í stýrishúsinu, og virðist sá útbúnaður hafa verið í lagi“.

Á þessa skoðun geta hinir sérfróðu dómendur fallizt og taka jafnframt fram, að þótt standur sá, sem um ræðir, hefði verið fyrir hendi, sé útilokað, að stefnandi hefði getað náð til hans, eins og afstaða hans var við spilið, eftir að höndin festist í því, og þannig forðazt slys.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda verður ekki talið, að starf þess manns, sem dregur net af spilinu, eins og hér stóð á, verði

talið svo hættulegt, að það eitt geti skapað stefnanda bótaskyldu samkvæmt reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á hættulegum atvinnurekstri.

Þegar öll málsatvik eru skoðuð, verður að álitni hinna sérfróðu dómenda ekki hægt að skýra slysið á aðra leið en þá, að á því augnabliki, er stefnandi greip með vinstri hendi í kúlu-teininn til þess að færa hann yfir steinateininn, og handleggurinn lá þvert fyrir spilskífuna, hafi ermin á sjóstakk hans gripið inn á milli teinanna og handleggurinn snúizt með spilinu og brotnað, eins og áður greinir. Það styrkir þessa skoðun, að hönd stefnanda var óskemmd eftir slysið, en framhandleggur og upp-handleggur brotinn. Með því að nota vinstri höndina til þess að jafna teinana beindi hann hendinni þvert fyrir spilskífuna eða yfir hana, hafi koppur ekki verið á spilinu, þannig að handleggurinn vissi í sömu átt og teinarnir runnu inn á spilið. Með þessu jókst verulega sú hættu, að ermin á sjóstakki hans festist á milli teinanna eða milli þeirra og spilskífunnar. Hefði hann hins vegar notað hægri höndina, kom hún þvert á teinana, og voru þá litlar líkur fyrir því, að ermin á sjóstakki hans næði að festast.

Þessi viðbrögð stefnanda verða því að teljast meginorsök slyssins.

Kemur þá að þeirri málsástæðu stefnanda, að sú yfirsjón skipstjórans að fara ekki strax í land með hinn slasaða mann sé sjálfstæður bótagrundvöllur varðandi þjáningabætur til stefnanda. Eins og að framan segir, greinir stefnanda og skipstjóran algjerlega á um það atriði, hvort stefnandi hafi samþykkt þann drátt, sem á varð, að hann væri fluttur þegar í stað undir lækninghendur. Páll Sigurðsson tryggingalæknir hefur með bréfi, dagsettu 28. janúar 1969, gefið svofellt álit:

„Það verður ekki séð af vottorðum þeirra lækna, er um fjölluðu, að drátturinn hafi breytt neinu um meðferðina hjá stefnanda. Í heild verður ekki fullyrt, að lækningin hafi tekið lengri tíma vegna þess, hve slasaði kom seint til lækni, og lokaárangur er eins góður og hægt er að búast við eftir þessari tegund meiðsla“.

Samkvæmt þessu verður ekki séð, að stefnandi hafi beðið neitt tjón við drátt þann, sem á varð að koma honum undir lækninghendur, og verður þessi málsástæða stefnanda því ekki tekin til greina.

Þá er ekki hægt, að álitni hinna sérfróðu dómenda, að leiða nein rök að því, að þótt færri menn hafi verið á bátnum en

greinir í samningum um hlutaskipti, sbr. dskj. nr. 21, hafi það valdið neinu um slysið.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður ekki talið, að rekja megi orsakir slyssins til vanbúnaðar spils eða tækja bátsins né heldur ófullnægjandi eftirlits af hálfu skipstjórnarmanna.

Samkvæmt því ber að sýkna stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 7. júní 1967. Málskostnaður til stefnanda ákveðst kr. 67.480.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri upphæð ber skipuðum talsmanni hans, Árna Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 57.000.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Jóni Björnsyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskmiðstöðin h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmanns Pálssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Ríkissjóður greiði stefnanda í málskostnað kr. 67.480.00. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Árna Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 57.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.